

Miðvikudaginn 16. september 1992.

Nr. 514/1991. **Grétar Haraldsson**

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík,

Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða og

Íslandsbanka hf.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 30. desember 1991. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Í áfrýjunarstefnu er áfrýjað til Hæstaréttar „nauðungaruppboði, er fram fór 28. september 1990 í uppboðsrétti Reykjavíkur, á hl. Kleppsvegi 150, þ. e. hluta í 1. hæð og kjallara, talið 50,75% eignarinnar, þinglesinni eign Gunnars Ólafssonar, Ólafs B. Ólafssonar, Jóns Ægis Ólafssonar, Ásgeirs Ólafssonar, Guðlaugar Ólafsdóttur og Grétars Haraldssonar“.

Í greinargerð fyrir Hæstarétti krefst sóknaraðili þess, „að öll málsmeðferð uppboðsréttar Reykjavíkur vegna nauðungarsölu á Kleppsvegi 150, 1. hæð og kjallara, 50,75% eignarinnar, verði ómerkt og málinu annaðhvort vísað frá uppboðsrétti eða vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar“. Þá krefst hann þess, að kærðu verði in solidum gert að greiða sér kærumálskostnað. Það athugast, að krafa sóknaraðila um frávísun frá uppboðsrétti var fyrst sett fram í greinargerð hans 1. apríl 1992, en kom ekki fram í áfrýjunarstefnu.

Varnaraðilar Gjaldheimtan í Reykjavík og Íslandsbanki hf. krefjast staðfestingar hins kærða uppboðs og að sóknaraðili greiði þeim kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu varnaraðila Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða hafa engar kröfur verið settar fram fyrir Hæstarétti.

I.

Mál þetta var þingfest í uppboðsrétti Reykjavíkur 8. mars 1990. Í endurriti úr uppboðsbók og ágrípi málsins kemur fram, að þá hafi verið tekið fyrir að selja nauðungarsölu hina umræddu fasteign. Uppboðið skyldi fara fram eftir kröfu Steingríms Eiríkssonar héraðsdómslögmanns fyrir hönd Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða. Aðrir höfðu þá ekki krafist uppboðs á eigninni. Í þinghaldinu er bókað, að „eigandi eignarinnar“ sé ekki mættur. Hins vegar er ekkert bókað um, að mætt sé af hálfu uppboðsbeiðanda.

Við fyrstu nauðungarsölu á eigninni 22. maí 1990 var fært til bókar, að mættur væri Magnús Brynjólfsson fyrir hönd Steingríms Eiríkssonar hdl., og bauð hann í eignina. Eigendur voru ekki mættir og enginn af þeirra hálfu. Við annað og síðara nauðungaruppboð 3. september 1990 mætti Magnús Brynjólfsson aftur fyrir Steingrím Eiríksson, en enginn vegna eigenda. Magnús bauð einn í eignina, en bað engu að síður um, að fram færi þriðja og síðasta uppboð. Það fór fram 28. september 1990. Þá mætti Steingrímur Eiríksson sjálfur fyrir hönd Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða. Magnús Brynjólfsson mætti að þessu sinni fyrir Gjaldheimtuna í Reykjavík og Guðlaug B. Ólafsdóttir vegna Íslandsbanka hf., en hinir tveir síðasttöldu gerðust nú fyrst aðilar að uppboðsmálinu. Af hálfu eigenda var enn ekki mætt. Hæstbjóðandi varð Íslandsbanki hf. með boð að fjárhæð 18.000.000 krónur. Uppboðshaldari tók sér fjórtán daga frest til þess að taka ákvörðun um fram komin boð.

Málinu var upphaflega áfrýjað 8. október 1990 sem máli nr. 366/1990, en var vísað frá Hæstarétti með dómi 9. desember 1991. Því var enduráfrýjað á grundvelli 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

II.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt embættisvottorð þáverandi yfirborgarfégeta í Reykjavík, Jóns Skaftasonar, dags. 2. apríl 1992, sem gefið var vegna þessa máls. Þar segir m. a.: „Það staðfestist hér með, að Hilmar Garðarsson hdl. var mættur í réttarhaldi 8. mars 1990 við fyrirtöku uppboðsmálsins á Kleppsvegi 150, Reykjavík, eign Gunnars Ólafssonar og fleiri, fyrir Steingrím Eiríksson hdl. Samkvæmt þingbók þeirri, sem notuð var í umræddu réttarhaldi, má glögglega sjá, að Hilmar Garðarsson hdl. var bæði

mættur í næstu málum á undan og á eftir þessari fyrirtöku vegna Kleppsvegjar 150. Hins vegar hefur láðst að bóka það í þessu einstaka máli, að Hilmar hafi verið mættur þar.“ Sóknaðili bendir á, að Hilmar Garðars héraðsdómslögmaður sé og hafi verið starfsmaður Gjaldheimtunnar í Reykjavík, en hún hafi ekki verið orðin aðili að þessu máli 8. mars 1990, og því hafi ekki verið ástæða fyrir hann að mæta þá.

III.

Framangreint embættisvottorð yfirborgarfógetans í Reykjavík er eigi stutt nokkrum gögnum og veitir út af fyrir sig ekki nægjanlega sönnun um réttmæti þeirrar fullyrðingar, að af hálfu uppboðsbeiðanda hafi verið mætt í uppboðsrétti Reykjavíkur 8. mars 1990, er mál þetta skyldi þingfest. Eins og hér stendur á, verður að leggja til grundvallar endurrit úr þingbók uppboðsréttarins. Það ber ekki með sér, að nokkur hafi mætt fyrir uppboðsbeiðanda, Lífeyrissjóð mál- og skipasmiða. Samkvæmt 1. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 4. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949, mátti þingfesting þessa máls eigi fara fram við svo búið. Ber því þegar af þeirri ástæðu að ómerkja alla uppboðsmeðferðina ex officio og vísa málinu frá sýslumanninum í Reykjavík, sbr. nú 1. tl. 15. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, sbr. og 2. tl. 94. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að sóknaraðili hafi gætt réttar síns í héraði með þeim hætti, sem honum var þó kostur. Þá hefur hann að ófyrirsynju tafið framgang málsins fyrir Hæstarétti, sbr. dóma Hæstaréttar 9. desember 1991 og 13. febrúar 1992. Þykir því rétt, að kærumálskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hin kærða uppboðsmeðferð vegna Kleppsvegjar 150, Reykjavík, 1. hæð og kjallara, 50,57% fasteignarinnar, þinglesinnar eignar Grétars Haraldssonar, Gunnars Ólafssonar, Ólafs B. Ólafssonar, Jóns Ægis Ólafssonar, Ásgeirs Ólafssonar og Guðlaugar Ólafsdóttur, er ómerkt og málinu vísað frá sýslumanninum í Reykjavík.

Kærumálskostnaður fellur niður.